
Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 7.tbl. 9. árg

Maí og júní 2020

Komið þið sæl og gleðilegt sumar!

Langur tími er nú liðinn frá því síðasta fréttabréf leit dagsins ljós enda fordæmalausir tímar sem við höfum nú upplifað. Vikurnar sem hafa liðið frá því í mars s.l. verða án nokkurs efa lengi í minnum hafðar en framundan eru bjartir tímar með blóm í haga.

Fyrsti skóladagur í Glerárskóla eftir að takmörkunum samkomubanns var létt í grunnskólum, var þriðjudagurinn 5. maí s.l. Þá hafði starfsfólk skólans unnið hörðum höndum að því að tæma D-álmum og koma kennslu nemenda fyrir út um allan skóla, í Þórshemilinu Hamri og í Síðuskóla. Það voru glaðir og ánægðir krakkar sem mættu síðan fyrsta skóladaginn og hittu kennara og starfsfólk sem tók vel á mótið þeim.

Eins og oft hefur komið fram áður eru afar miklar framkvæmdir í og við skólann okkar. Nokkrar vikur eru nú síðan hafist var handa við leikskólann sem mun rísa sunnan íþróttahúss von bráðar. Einnig eru hafnar framkvæmdir í D-álmum Glerárskóla og því verður kennt í öllum skotum skólans fram á sumar.

Það var gaman að sjá hversu vel nemendur tóku skipulaginu og hversu vel allt gekk fyrstu vikuna. Máltækið „Þröngt mega sáttir sitja“ er það sem nú gildir í skólanum og gott að allir taka því alvarlega þó brosin séu breið og gleðin sé mikil á þessum síðustu dögum skólaársins.

Við höldum áfram og nýtum okkur sýn skólans, HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI, stýrum seglum í sólarátt og klárum vorið með glæsibrag í sameiginlegu átaki.

Öll verkefni sem koma upp í hendurnar á okkur nýtum við til að skapa, læra og efla samstöðu og munum því í skólalok verða reynt slunni ríkari og ganga keik inn í sumarið.

Við viljum þakka ykkur öllum fyrir samvinnuna og erum stolt yfir því að eiga svo frábæran foreldrahóp sem styður skólastarfið og aðstoðar okkur við að leysa þau verkefni sem við þurfum að takast á við.

Takk fyrir og góða helgi.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Skipulag maímánaðar 2020

Skipulag maímánaðar einkennist af því að miklar framkvæmdir eru í og í kringum Glerárskóla þessa dagana. Skólastarf fylgir þó stundatöflu þó þurft hafi að aðlaga hana örlítið að breyttum aðstæðum. Þessa vordaga í maí verða samkvæmt venju ýmiskonar uppbrot á skólastarfinu og má þar nefna útiveru, íþróttamót og margskonar verkefnavinnu. Nánara skipulag kemur frá umsjónarkennurum.

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Enn viljum við benda forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.

Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau **rafrænt** á formi sem finna má á heimasíðu skólans. Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á Mentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn.

Þak Glerárskóla

Kæru forráðamenn. Mikið hefur borið á því að nemendur eru að klífa upp á þak skólans og íþróttahússins eftir að skóla lýkur og á kvöldin. Við viljum beina þeim tilmælum til ykkar að ræða við krakkana um hversu háalvarleg og hættuleg þessi iðja er og koma þeim í skilning um að þessu verður að linna. Það er of seint að bygja brunnin þegar barnið er dottið í hann og það sama á við um þetta, ef einhver fellur niður gæti orðið stórskaði.

Skólalóð Glerárskóla og Leikskólans í Árholti

Þegar vorið kemur og sumar nálgast verða kvöldin hér á landi oft ljúf og notaleg. Þá er gott að skreppa út og leika um stund. Nemendur safnast oft saman við skóla og á það við um okkar skóla líkt og aðra. Það er gott að nota skólalóðina til leikja en verra er þegar umgengni er slæm eða skemmdir verða á búnaði og byggingum. Undanfarið hefur borið á því að girðing kringum leikskólavöllinn hefur verið skemmd og hefur leikskólinn beðið okkur um að nefna við forráðamenn að ræða við börn um að sýna virðingu fyrir eignum leikskólans ef þau leika sér þar eftir að skóla lýkur. Það sama á að sjálfsgöðu við um skólalóðina alla enda er hún okkar allra og við viljum hafa allt sem snyrtilegast og í lagi.

Við viljum einnig benda á að nemendur hafa í einhverjum tilfellum verið að mana hvert annað í að fara yfir girðingarnar á byggingarsvæðunum. Það er stórhættulegur leikur og gott að fræða börnin um það líkt og með aðra umgengni um skólasvæðið nú á þessum framkvæmdatímum.

Símar og önnur snjalltæki 8.- 10. bekkur

Nú þegar þrengt er að okkur í skólanum verðum við að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum.

Símar nemenda í 8. - 10. bekk eiga að geymast í tösku eða vasa og vera stilltir á hljóðlaust.

Í frímínútum hafa nemendur þó leyfi til að nota símana í matsal og heimastofum en ekki annarsstaðar. Að sjálfsgöðu er áfram blátt bann við mynda, hljóð- og/eða myndbandsupptökum.

Vinsamlega ræðið við nemendur að virða þessar einföldu reglur.

Helstu atburðir í maí og júní 2020

21. maí 2020	Uppstigningadagur - skólafrí
11. og 12. maí 2020	10. bekkur - skólaferðalag
12. - 15. maí 2020	Frjálsíþróttamót UFA fyrir miðstig
1. júní 2020	Annar í hvítasunnu - skólafrí
2. júní 2020	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - frístund opin
3. - 4. júní 2020	Uppbrotsdagar - útivera nemenda - skóli til 13:15
5. júní 2020	Skólaslit - 1. - 9. bekkur að morgni - 10. bekkur seinnipart (nánar síðar)

Bílastæði við skólann

Af gefnu tilefni viljum við minna forráðamenn á að keyra ekki inn á bílastæði framan við C-álmú skólans ef skutla/sækja á nemendur t.d. í/úr skóla, úr frístund eða sundi.

Of lítið pláss er til að snúa við og alveg bannað að leggja upp við byggingargirðingu á stæðinu því það kemur í veg fyrir að þeir, sem nýta þau örfáu stæði sem þarna eru, komist í burtu. Einnig þarf að nýta þessa leið fyrir öll aðföng til skólans og því getur skapast erfitt og hættulegt ástand ef of margir eru að aka þarna inn og snúa við.

Nóg er af bílastæðum á völlum sunnan og austan við A-álmú skólans en aðkeyrsla að þeim stæðum er við Árholt. Vinsamlega verðið við þessari ósk.

Farartæki á hjólum - Áriðandi

Eins og allir vita eru miklar framkvæmdir við Glerárskóla. Leikskóli að sunnan og D-álmú að norðan. Þetta þýðir að þrengt er að skólalóðinni okkar úr tveimur áttum og einnig að í kringum skólann verða oft á tíðum stór vinnutæki. Á þeim grunni var ákvörðun tekin um að nemendur í 1. - 3. bekk koma ekki á hjólum í skólann. Einnig óskum við eftir því að þeir nemendur sem ekki eru í frístund að skóla loknum séu ekki að leik við skólann á hjólum fyrr en eftir klukkan 16 á daginn.

Nemendur í 4. - 10. bekk sem koma á hjólum í skólann þurfa að hlýta þeirri reglu að nota hjólin ekki á skólalóðinni. Því miður hafa nemendur ekki alveg farið eftir því og nú biðlum við til forráðamanna að ræða við sín börn um að vera ekki á farartækjum á hjólum á skólalóðinni. Ef nemendur fylgja ekki þessum reglum geta þeir ekki fengið að mæta í skólann á slíkum farartækjum.

Einnig minnum við á að allir eiga að nota hjálma ef þeir eru á farartækjum á hjólum á leið í og úr skóla.

Skólaslit

Skólaslit Glerárskóla verða föstudaginn 5. júní 2020. Eins og staðan er í dag er skipulagið sem hér segir en vegna aðstæðna í samfélaginu gæti þetta breyst og þá látum við að sjálfsögðu vita:

Kl. 9:00: 1. - 4. bekkur - mætir í stofur og fer í röð þaðan inn í sal. Eftir formleg slit er haldið aftur til stofu þar sem umsjónarkennarar kveðja nemendur.

Kl. 10:00: 5. - 7. bekkur - mætir í stofur og fer í röð þaðan inn í sal. Eftir formleg slit er haldið aftur til stofu þar sem umsjónarkennarar kveðja nemendur.

Kl. 11:00: 8. - 9. bekkur - mætir í stofur og fer í röð þaðan inn í sal. Eftir formleg slit er haldið aftur til stofu þar sem umsjónarkennarar kveðja nemendur.

Kl. 16:30: 10. bekkur - mætir í Glerárkirkju þar sem fram fer formleg útskrift nemenda.

Gert er ráð fyrir að forráðamenn 1. - 9. bekkjar verði heima þetta árið vegna takmarkana í samfélaginu en allt með fyrirvara um breytingar.

Forráðamenn 10. bekkjar fá nánari upplýsingar um útskriftina þegar nær dregur.

Að lokum

Það er að mörgu að hyggja í skólastarfinu þennan síðast mánuð skólaársins 2019-2020.

Þær miklu framkvæmdir sem nú eru við skólann okkar setja okkur skorður sem við höfum ekki þekkt áður. Það skiptir miklu máli að samstarf heimilis og skóla sé gott og við fögnum því hversu vel forráðamenn hafa unnið

með skólanum að því að gera skólasvæðið eins öruggt og hægt er og skólastarfið eins eðlilegt og hægt er á svona tímum.

Það verður óskaplega gaman að koma til starfa að loknu sumri í nýja D-álmu þó framkvæmdir í og við skólann haldi áfram. Það verður gott að hugsa til þess að aðalkennsluálmurnar verða orðnar finar og tilbúnar til kennslu eftir svo stuttan tíma.

Kæru forráðamenn og nemendur, takk fyrir þolinmæðina og þrautseigjuna. Við erum stolt af skólasamfélaginu okkar og höldum bjartsýn áfram góðu skólastarfi í Glerárskóla.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð
603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans: 461-2666

Netfang skólans: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerarskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

